

Nefndarálit

um frv. til l. um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.

Frá minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í umfjöllun efnahags- og viðskiptanefndar um málið hefur komið fram hörð gagnrýni á þau áform ríkisstjórnarinnar að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Hagfræðileg og fagleg rök skortir.

Gagnrýnin beinist að því að engin skynsemi sé í að leggja niður stofnun sem hefur mikilvægu hlutverki að gegna sem óháð stofnun við hagrannsóknir, greiningu og spá um þróun efnahagslífsins. Hvorki hagræðing né fagleg rök liggja hér að baki. Þvert á móti er hætta á að þjóðhags- og efnahagsspár lúti pólitísku forræði við þessa breytingu. Verulegan hluta verkefna Þjóðhagsstofnunar á að flytja til fjármálaráðuneytisins en það býður heim miklum ágreiningi um trúverðugleika í spám um þróun efnahagslífsins.

Það segir sig sjálft að með því að leggja niður einu óháðu stofnunina sem vinnur að þjóðhagsspá er þrengt mjög að allri faglegri umfjöllun og sjálfstæði í hagrannsóknum og efnahagsspám. Nær væri að efla sjálfstæði hennar og færa henni aukin verkefni. Hefur þeirri hugmynd m.a. verið hreyft að færa stofnunina beint undir Alþingi. Mun dýrara virðist vera að leggja stofnunina niður en reka hana, bæði til skemmri og lengri tíma. Afleiðingin virðist fyrst og fremst vera tilfærsla á verkefnum og veruleg aukning útgjalda. Hætta er á að þessi breyting dragi úr faglegri umfjöllun um efnahagsmál og að sérþekking og reynsla glatist. Ljóst er að ekki er á vísan að róa með að reyndir starfsmenn stofnunarinnar með mikla sérþekkingu fái til að flytja sig til fjármálaráðuneytis, Hagstofu eða Seðlabanka eftir það sem á undan er gengið. Það er kafli út af fyrir sig hvernig starfsmenn stofnunarinnar hafa verið hunsaðir. Þeir hafa verið látnir búa við mikla óvissu um starfsöryggi sitt og stjórnvöld hafa í reynd hunsað alla ráðgjöf þeirra um hvernig endurskipulagningu þessara verkefna verði best komið fyrir.

Verkefni Þjóðhagsstofnunar.

Verkefni sem Þjóðhagsstofnun hefur haft með höndum eru tiltekin í lögum. Hvergi verður nú lögbindið að þessum verkefnum verði sinnt eða hver eigi að hafa þau með höndum. Verkefni Þjóðhagsstofnunar samkvæmt lögum eru eftirfarandi:

1. Að færa þjóðhagsreikninga.
2. Að semja þjóðhagsspár og -áætlanir.
3. Að semja og birta opinberlega tvisvar á ári yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim eignum.
4. Að annast hagfræðilegar athuganir og skýrslugerð um efnahagsmál fyrir ríkisstjórn og alþjóðastofnanir á sviði efnahagsmála.

5. Að láta alþingismönnum og nefndum Alþingis í té upplýsingar og skýrslur um efnahagsmál.
6. Að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir.

Ómarkviss verkefnaflutningur.

Mjög óljóst er hvernig þessum verkefnum verður háttað eftir að Þjóðhagsstofnun hefur verið lögð niður. Fram kom hjá forstöðumanni efnahagsskrifstofu að endanleg skilgreining á því hvert verkefni yrðu flutt og útfærsla og skilgreining á þeim verkefnaflutningi lægi ekki fyrir fyrr en frumvarpið yrði orðið að lögum. Þetta sýnir ljóslega hve illa málið er undirbúið. Það eina sem virðist nokkuð ljóst er að þjóðhagsreikningar munu flytjast til Hagstofu og þjóðhagsspar og -áætlanir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins.

Mjög óljóst er hvert ýmis reiknilíkön eiga að flytjast sem Þjóðhagsstofnun hefur séð um og haldið við. Auk þjóðhagslíkana, sem flytja á til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins, eru þetta sjávarútvegslíkön og skatta- og almannatryggingalíkön. Fram kom hjá fulltrúa LÍU, sem mætti á fund nefndarinnar, að samtökin hafa verið háð upplýsingum um verðvísitölu sjávarafurða og mati á afkomu fyrirtækja í sjávarútvegi. Nauðsynlegt er að óháður aðili vinni slíkar upplýsingar, en ekki sjávarútvegsráðuneytið. Benda má á að mikið hagræði er að hafa þessi líkön á einum stað hjá óháðri stofnun, en því fylgir mikið óhagræði að flytja þau á marga staði þar sem sama fólk hefur séð um fleira en eitt líkan hjá Þjóðhagsstofnun auk þess sem gögn eru samnýtt úr líkönunum.

Ástæða er einnig til að benda á sérálit Þórðar Friðjónssonar, fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar, sem átti sæti í starfshópnum sem undirbjó málið. Þar kemur fram afstaða hans varðandi reiknilíkönin. Orðrétt segir: „Hagkvæmt er við aðstæður hér á landi að hafa eina opinbera greiningar- og þjónustustöð sem getur í senn þjónað Alþingi, stjórnvöldum og almenningi. Þetta starfar m.a. af því að slík stofnun þarf að sjá um og viðhalda mörgum reiknilíkönum og gagnagrunnum eins og Þjóðhagsstofnun gerir nú. Þessi líkön eru flókin og viðamikil og byggjast að hluta á upplýsingum og gagnavinnslu sem á varla heima í ráðuneyti. Jafnframt þarf auðvitað sérþekkingu og reynslu til að vinna með þau. Þessum málum eru hvorki gerð viðhlítandi skil í frumvarpinu né voru þau rædd að gagni við undirbúning þess. Sem dæmi um reiknilíkön sem stofnunin hefur á sínum vegum eru þjóðhagslíkön (til langs og skamms tíma) sjávarútvegslíkön, loftslagslíkan og skatta- og almannatryggingalíkön.“

Síðar segir í álitinu: „Þessi reiknilíkön eru notuð við spágerð og áætlanagerð í efnahagsmálum en einnig í sérverkefnum af ýmsu tagi. Til marks um slík verkefni má nefna mat á áhrifum EES, ESB og evrunnar, stóriðju, loftslagssamninga, mismunandi nýtingar fiskistofna o.fl. Við má bæta verkefnum á sviði skatta og almannatrygginga. Jafnframt eru þessi líkön oft notuð vegna fyrirsæðna frá Alþingi og umsagna um frumvörp. Umræða um þetta efni í frumvarpinu er lítil og byggð á veikum grunni.“ Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur að þetta sé enn ein staðfestingin á því hvað hér er um vanhugsaða breytingu að ræða.

Kostnaður blæs út.

Minni hlutinn bendir á að til marks um hversu fráleitt málið er að ekki er nóg að það styðjist ekki við nein fagleg eða hagfræðileg rök heldur verður miklu dýrara að leggja niður Þjóðhagsstofnun en reka hana áfram. Í útreikningum fjárlagaskrifstofu kemur fram að rekstrar-kostnaði Þjóðhagsstofnunar á að skipta milli Hagstofu Íslands og fjármálaráðuneytisins, en kostnaður við rekstur stofnunarinnar er 132 millj. kr. á fjárlögum 2002. Einnig er gert ráð

fyrir biðlaunakostnaði og kostnaði við flutning á verkefnum sem gæti verið nálægt 50 millj. kr. Þá er ótalið að ráðuneytin munu vafalaust sækjast eftir auknu fjármagni vegna viðbótarverkefna sem þessum breytingum fylgja, m.a. kaup á sérfræðipjónustu. Jafnframt er í frumvarpinu bent á að hugsanlegt væri að fela einkaaðilum eitthvað af þeim verkefnum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft. Fram hefur einnig komið að ASÍ mun fá stuðning við hagdeild sína og ekki er að efa að önnur heildarsamtök launafólks munu óska hins sama. Minni hlutinn telur mikilvægt að samtök launafólks hafi burði til að taka þátt í umræðu og umfjöllun um efnahagsmál og að þeim verði sköpuð til þess aðstaða. Ekki síst er það nauðsynlegt nú ef sú óháða stofnun sem þau hafa getað treyst á verður lögð niður. Af framantöldu má ætla að kostnaður muni tvöfaldast við þessa breytingu.

Sjónarmið starfsmanna hunsuð.

Í álitinu fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar, dags. 26. mars 2002, kemur fram að félagið er algerlega mótfallið þeim áformum er birtast í frumvarpinu og telur að þau muni hvorki efla faglega umfjöllun um íslenskan þjóðarbúskap né leiða til hagræðingar í rannsókn-um á efnahagsmálum. Í vinnu starfshóps um málið hafi í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar. Í álitinu Sambands íslenskra bankamanna, en starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eru þar félagsmenn, kom fram að tilraunum starfsmanna til að ræða aðrar leiðir við að endurskipuleggja hagskýrslugerð á vegum ríkisins og þjóðhagsspá hafi verið sópað burt og engin umræða fengist um málið.

Minni hlutinn gagnrýnir harðlega hvernig stjórnvöld hafa komið fram við starfsfólk Þjóðhagsstofnunar, sem haldið hefur verið í fullkominni óvissu um starfsöryggi sitt í a.m.k. heilt ár. Ekkert hefur verið hlustað á rök starfsmanna sem eru helstu sérfræðingar á sviði efnahagsmála og hagsýslugerðar og hafa notið trausts allra sem leitað hafa eftir þjónustu stofnunarinnar.

Starfsmennirnir eru líka mjög ósáttir við orðalag í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins sem kveður á um að starfsmönnum verði boðið „annað starf hjá þeim stofnunum er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Benda þeir á að í skipunarbréfi samstarfshópsins sem fjallaði um þessa breytingu segir: „er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð sambærileg störf hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Minni hlutinn flytur breytingartillögu sem felur í sér að við þetta verði staðið.

Spágerð lýtur pólitísku forræði.

Það er skoðun minni hlutans að ef endurskipuleggja á stofnanir sem fjalla um hagstjórn, hagskýrslur, þjóðhagsspá og efnahagsstjórn ættu verkefni allra stofnana sem fjalla á einn eða annan hátt um efnahagsstjórn eða hagsýslugerð að koma til skoðunar.

Í álitinu fulltrúa Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar kemur fram að aldrei hafi verið léð máls á því að ræða aðra möguleika við endurskipulagningu en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Það staðfestir fyrst og fremst að þessi breyting er knúin fram til að þjóna dyntum forsætisráðherra sem setti þá skoðun fram í beinni útsendingu í sjónvarpi fyrir ári síðan að stofnunin skyldi lögð niður, þar sem hann var ósáttur við gagnrýni Þjóðhagsstofnunar á efnahagsstjórnina.

Minni hlutinn getur líka tekið undir það álit fyrrverandi forstjóra Þjóðhagsstofnunar að eðlilegt gæti verið að endurskoða hlutverk stofnunarinnar að því er varðar hagskýrslugerð fyrir liðinn tíma og tengsl hennar við framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið. Í álitinu er ein-

mitt bent á að slík endurskoðun ætti raunar að ná til fleiri stofnana og má þar t.d. nefna skýrslusöfnun Seðlabankans um þjónustuviðskipti við útlönd og greiðslujöfnuð.

Minni hluti efnahags- og viðskiptanefndar telur það ganga gegn öllum faglegum vinnubrögðum og aðhaldi við efnahagsstjórnina að færa gríðarlega mikilvæg verkefni á sviði efnahagsmála frá óháðri stofnun til hagstjórnaraðila eins og Seðlabanka og fjármálaráðuneytisins sem lýtur pólitískri forustu ráðherra.

Gylfi Magnúson, dósent við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, hefur orðað þetta á eftirfarandi hátt: „Það er mjög erfitt að sjá t.d. að fjármálaráðuneytið geti tekið við miklu af þessum þjóðhagsspárverkefnum og greiningum sem Þjóðhagsstofnun hefur haft vegna þess að fjármálaráðuneytið er bara hluti af eða heyrir undir fjármálaráðherra sem er í ríkisstjórninni og vinnur mjög náið með ríkisstjórninni. Þannig að þær spár yrðu alltaf heldur vandræðalegar því það væri erfitt að túlka hvort þetta væru faglegar spár eða hvort þetta væru spár sem væru byggðar á vilja og ósk ríkisstjórnarinnar. Það er miklu betra að það sé óháð stofnun, og jafnvel mun sjálfstæðari en Þjóðhagsstofnun hefur verið, sem annast slíkar spár og greiningu.“

Fram komu einnig miklar efasemdir hjá fulltrúum Þjóðhagsstofnunar um réttmæti þess að fjármálaráðuneytið hafi þetta verkefni. Undir þessar skoðanir tekur minni hlutinn, en í efnahags- og viðskiptanefnd kom fram að efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins á að hafa á hendi gerð þjóðhagsspár og -áætlana. Í því felst m.a. að gerð þjóðhagsspár í tengslum við framlagningu fjárlagafrumvarps og endurskoðun hennar á ársfjórðungsfresti verði hjá efnahagsskrifstofunni.

Auk þess verður þjóðhagslíkan og önnur haglíkön flutt til efnahagsskrifstofu. Að sjálf-sögðu er fullkomlega óeðlilegt og ótrúverðugt að sami aðili og stýrir fjárlagagerðinni hafi á hendi spágerð og greiningu á stöðu og þróun efnahagsmála. Það veikir allt aðhald og sjálfgefið er að það býður heim mikilli gagnrýni á efnahagsspá ráðuneytisins og mat þess á framtíðarhorfum í þjóðarbúskapnum. Ljóst er líka að þessi breyting mun þrengja mjög að allri faglegri umfjöllun og sjálfstæði í hagrannsóknnum og þjóðhagsspá.

Veikir stöðu Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Það veikir líka stöðu Alþingis og alþingismanna gagnvart framkvæmdarvaldinu að þurfa að leita með ráðgjöf og útreikninga við meðferð stjórnarfrumvarpa á Alþingi til fjármálaráðuneytisins í stað óháðrar efnahagsstofnunar, en mörg veigamestu frumvörp á sviði efnahags- og skattamála koma eðli máls samkvæmt frá því ráðuneyti. Auk þess er gjörsamlega óviðunandi fyrir þingmenn og stjórnmalaflokka að þurfa að leita með alla útreikninga, upplýsingar og ráðgjöf varðandi þingmannafrumvörp til efnahagsskrifstofu sem lýtur pólitísku forræði ráðherra. Óhæfa er að þingmenn í stjórnarandstöðu þurfi að leita eftir greiningu á álitamálum til fjármálaráðuneytisins, en þingmenn stjórnandstöðu standa iðulega í deilum við það og fjármálaráðherra um ýmis mál sem tengjast efnahagsmálum, skattamálum eða fjármálum.

Í frumvarpinu eru líka settir fyrirvarar á upplýsingagjöf Seðlabanka til aðila vinnumarkaðarins, Alþingis og stjórnmalaflokka því einungis er sagt að þeir muni láta í té upplýsingar og annast fyrir þá hagfræðilegar athugunar eftir því sem um semst. Fulltrúi Seðlabanka sem mætti á fund nefndarinnar sagði að viðfangsefni bankans hefði þrengst með nýjum lögum um bankana og bankinn mundi því líta til lagaákvæða og hlutverks síns þegar metin yrði upplýsingagjöf til fyrrgreindra aðila.

Ljóst er líka að Seðlabankinn er ekki óháður aðili þótt sjálfstæði hans hafi verið aukið. Hann er hagstjórnaraðili sem hefur einkum það verkefni að beita stýritækjum sínum til að ná þeim efnahags- og verðbólguþætti sem bankinn og ríkisstjórn setja í sameiningu. Samkvæmt lögum er meginmarkmið Seðlabanka að stuðla að stöðugu verðlagi og lýsa yfir með samþykki forsætisráðherra tölulegu markmiði um verðbólgu. Jafnframt skal hann stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Seðlabankinn, sem hefur með höndum framkvæmd peningastefnunnar, getur aldrei komið í stað óháðrar stofnunar sem Alþingi og þingmenn geta leitað til eftir ráðgjöf og aðstoð við nauðsynlega útreikninga og greiningu vegna þingmála, stjórnarfrumvarpa og ýmissa annarra verkefna. Skýrt er að með þessu er staða þingsins veikt gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Minni hlutinn telur því nauðsynlegt að tryggja að ekki dragi úr styrk Alþingis til að veita stjórnvöldum aðhald við þessa breytingu. Í þingsályktunartillögu frá þingmönnum stjórnarandstöðunnar sem ekki fékkst afgreidd út úr efnahags- og viðskiptanefnd er lagt til að gerð verði sjálfstæð úttekt á vegum þingsins á starfsemi Þjóðhagsstofnunar og hvernig framtíðarskipan hagrannsóknna verði best komið fyrir.

Afstaða heildarsamtaka launafólks.

ASÍ lýsti ekki andstöðu við frumvarpið en telur sig hafa fengið fyrirheit um stuðning við að efla eigin hagdeild. Önnur heildarsamtök launafólks, BSRB, BHM, Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra bankamanna, gagnrýna að aðeins hafi verið haft samráð við ein heildarsamtök launafólks um málið. Lýsa þau andstöðu við það og telja fráleitt að færa þá starfsemi sem nú er á vegum Þjóðhagsstofnunar undir fjármálaráðuneytið, sem sé í eins nán-um tengslum við pólitískt framkvæmdarvald og hugsast getur.

Fulltrúi BHM benti réttilega á að það gengur ekki að bjóða samtökunum upp á að leita eftir úrvinnslu upplýsinga og spágerð hjá fjármálaráðuneytinu sem er aðalviðsemjandi þeirra í kjarasamningum.

Jafnframt telja samtökin eðlilegt að gætt sé jafnræðis ef veita á ASÍ sérstakan stuðning til eigin rannsókna og spágerða. Minni hlutinn tekur undir þetta sjónarmið.

Minni hlutinn leggst alfarið gegn því að leggja niður Þjóðhagsstofnun með þeim rökum sem hér hefur verið lýst.

Alþingi, 17. apríl 2002.

Jóhanna Sigurðardóttir,
frsm.

Össur Skarphéðinsson.

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal.**Umsagnir um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974,
um Þjóðhagsstofnun, með síðari breytingu, o.fl.**

*Umsögn Sambands íslenskra bankamanna.
(10. apríl 2002.)*

Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar eru félagsmenn í Sambandi íslenskra bankamanna (SÍB) og taka kjör sín samkvæmt kjarasamningum SÍB. SÍB er ekki aðili að ASÍ og á ekkert formlegt samstarf við þau samtök. Það eru forkastanleg vinnubrögð að ráðherra og forysta ASÍ skuli vinna að því í sameiningu að leggja niður Þjóðhagsstofnun og taka núverandi störf frá starfsmönnum þar. Þetta er fyrst nefnt hér þar sem Utanríkisráðherra (starfandi Forsætisráðherra) telur það skrautfjöldur og máli ríkisstjórnar til framdráttar að hafa gert einhvern samning við ASÍ. Eitthvað hljóta þá önnur samtök á vinnumarkaði að fá í sinn hlut!

Enn og aftur er ráðist að félagsmönnum SÍB, sem eru starfsmenn stofnana í eigu ríkisins, í nafni hagræðingar. Í athugasemdum við lagafrumvarpið, 1. grein, stendur:

Í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um hagræðingu í ríkisrekstri hefur að undanförunu verið unnið að endurskipulagningu verkefna á sviði efnahagsmála og hagskýrslugerðar. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar er að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til skyldra sviða í fjármálaráðuneyti og Hagstofu Íslands og styrkja þau, en leggja stofnunina niður sem slíka.

Ekki veit ég nákvæmlega hve mikið hefur verið unnið við þessa endurskipulagningu, en ef meta á það með tilliti til þess samráðs, sem haft var við starfsmenn Þjóðhagsstofnunar, helstu sérfræðinga landsins á sviði efnahagsmála og hagskýrslugerðar, þá hefur lítið sem ekkert verið unnið í málinu. Fulltrúum starfsmanna var einfaldlega tilkynnt að Þjóðhagsstofnun yrði lögð niður, ráðherra hefði þegar ákveðið að svo yrði. Tilraun starfsmanna til að ræða aðrar leiðir við endurskipulagningu hagskýrslugerðar á vegum ríkisins og þjóðhagsspár var sópað burt og engin umræða fékkst um málið. Þetta er því miður oftast raunaleg niðurstaða af svokölluðu samráði ríkisvaldsins við starfsmenn þegar pólitískur skollaleikur eða duttlungar ráðherra ráða fðr.

Það eru einkennileg fræði og samrýmist illa vandaðri meðferð fjármuna og mannauðs að rífa niður öflug, virt og hagkvæmt ríkisfyrirtæki til þess eins að þjóna duttlungum. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa mikla og góða menntun og langa reynslu við gerð þjóðhagsreikninga, samningu þjóðhagsspár og þjóðhagsáætlana. Þeir hafa veitt alþingismönnum, nefndum alþingis og aðilum vinnumarkaðirins mikilvægar upplýsingar um efnahagsmál, sem allir hafa getað treyst og treysta vegna þess að Þjóðhagsstofnun er sjálfstæð og algerlega óháð framkvæmdavaldinu. Innan fyrirtækisins er nú samstæður hópur starfsmanna, sem byggt hefur upp samræmd og öguð vinnubrögð en einnig öflug verkfæri, þ.m.t. hugbúnað, fyrir gerð þjóðhagsspár og önnur þau verkefni er stofnunin vinnur samkvæmt lögum.

Nú á samkvæmt tillögu ráðherra að flytja þessa samræmdu vinnu á 3 til 4 staði innan ríkiskerfisins og til ASÍ, samkvæmt ræðu ráðherra og viðtali við hann í Mbl. Það er ekki bara einkennileg, heldur miklu frekar óskiljanleg ráðstöfun og mun einungis leiða til ómarkvissari vinnubragða og kosta ríkið mikið meira en rekstur Þjóðhagsstofnunar kostar nú. Sumar þær stofnanir sem eiga að taka yfir verkefni Þjóðhagsstofnunar get vart talist óháðar framkvæmdavaldinu og því munu aðrir hagsmunaaðilar setja spurningamerki við niðurstöður þeirra. Þjóðhagsstofnun nýtur hins vegra traust allra þeirra sem átt hafa viðskipti við og fengið upplýsingar frá starfsmönnum hennar. Það er þjóðinni nauðsynlegt að eiga eina óháða stofnun, sem allir geta treyst.

Dæmi um hagræðingu hjá ríkisfyrirtækjum

Í nafni hagræðingar var Húsnæðisstofnun breytt í Íbúðalánasjóð og verkefni þau er starfsmenn Veðdeildar LÍ unnu fyrir Húsnæðisstofnun færð annað. Þetta átti að spara ríkinu peninga. Íbúðalánasjóður samdi við einkaaðila um að hanna og skrifa nýtt tölvukerfi til að halda utan um, reikna út og innheimta þau lán sem fyrirtækið á hjá viðskiptavinum sínum. Allt var þetta unnið í andstöðu við flesta starfsmenn Húsnæðisstofnunar og Veðdeildar, en pólitísk ákvörðunin réð för. Og hver er niðurstaðan nú nokkrum árum eftir að þessi pólitíski leikur var leikinn þrátt fyrir varnaðarorð starfsmanna?

Rekstur Íbúðalánasjóðs er mun kostnaðarsamari en gömlu Húsnæðisstofnunar og tugum milljóna var hent í undirbúning og gerð hugbúnaðar, sem nú er búið að kasta þar sem séð varð að hann myndi aldrei uppfylla kröfur sjóðsins. Tölvukerfið sem veðdeild LÍ hafði í samvinnu við Reiknistofu bankanna hannað og notað er því enn notað, eins og starfsmenn bentu allan tímann á að væri hagkvæmasta lausnin. Margir starfsmenn misstu störf sín eða hættu sjálfir vegna andstöðu við framkvæmdina. Virðing fyrir mannauð og tilfinningum starfsmanna réð ekki för.

Ráðherra ákvað að flytja starfsemi Byggingastofnunar í andstöðu við starfsmenn. Þegar þessi ákvörðun var tekin var hún m.a. studd með þeim rökum að húsnæðiskostnaður yrði mun minni á Sauðárkrók en hér í Reykjavík og að það kostaði samkvæmt úttekt ráðgjafarfyrirtækis aðeins kr. 2 milljónir að flytja. Þetta var því framkvæmt í nafni hagræðingar og byggingasjónarmiða. Starfsmenn voru andvígir þessum flutningi á faglegum forsendum en einnig misstu þeir all flestir starf sitt og lífsviðurværi. Þeir gerðu einnig athugasemdir við framlagða kostnaðarreikninga, sem pantaðir voru frá ráðgjöfum.

En ákvörðunin um flutninginn stóð eins og flestar ákvarðanir framkvæmdavaldsins. Flutningarnar hafa nú þegar kostað tugi milljóna fyrir utan ýmsan ágreining, sem þingmenn hljóta að þekkja manna best.

Þessi tvö mál eru rifjuð hér upp vegna þess að þessar aðgerðir voru gerðar í nafni hagræðingar og í andstöðu við starfsmenn og allar ráðleggingar þeirra. Hagræðingin varð engin en mistökkin mörg og því er það grátlegt að þurfa nú enn einu sinni að lesa það í frumvarpi frá ríkisstjórn að stofnun í eigu ríkisins verði lögð niður í nafni hagræðingar.

Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar hafa unnið mikið og gott verk undanfarin ár og störf þeirra sjaldan eða aldrei gagnrýnd. Eina gagnrýnin sem menn muna eftir er komin frá forsætisráðherra. Rekstur stofnunarinnar hefur verið mjög hagkvæmur fram til þessa

og ljóst að að truflun á þeirri starfsemi og flutningur verkefna hennar til annarra stofnana er kostnaðarsamari en óbreytt starfsemi. Enda er hvergi í þingskjalinu rætt um að það eigi að spara, þrátt fyrir hagræðingartalið í upphafi frumvarpsins, heldur á að eyða tugum eða jafnvel hundrað milljónum í þessa vitlausu aðgerð.

Hér er ekki á nokkurn hátt kastað rýrð á störf starfsmanna annarra stofnana eða fyrirtækja sem sinna þjóðhagsreikningum af einhverju tagi. Þeir gera það örugglega samkvæmt bestu samvisku og í samræmi við vilja þeirra sem þar stjórna. Starfsmenn Þjóðhagsstofnunar voru tilbúnir með ýmsar aðrar útfærslur og hugsanlega samvinnu stofnana, en á þeirra sjónarmið var aldrei hlustað eða þau rædd. Það er skammarlegt og í algerrri andstöðu við atvinnulýðræði að hunsa vilja starfsmanna og rýrir þann trúnað og traust sem nauðsynlegt er að skapa milli starfsmanna og atvinnurekenda.

Stjórn Sambands íslenskra bankamanna er algjörlega mótfallin þeim áformum sem birtast í þessu frumvarpi og telur að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum.

Virðingarfyllst,
f.h. Sambands íslenskra bankamanna,

Friðbert Traustason,
formaður SÍB.

Umsögn Seðlabanka Íslands.
(15. apríl 2002.)

Föstudaginn 12. apríl sl. barst Seðlabanka Íslands munnleg beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun, 709. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu átti Seðlabanki Íslands fulltrúa í samstarfshópi sem forsætisráðherra skipaði til þess að vinna að framgangi viðamikillar endurskipulagningar á verkaskiptingu stofnana ríkisins á sviði efnahagsmála „sem einkum lyti að því að færa verkefni Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana.“ Í samstarfshópnum hafði bankinn hlutlausa afstöðu til þess hvort leggja bæri Þjóðhagsstofnun niður en var engu að siður reiðubúinn að axla einhver viðfangsefni sem honum kynnu að verða falin, enda samrýmdist það ákvæðum laga um bankann. Þá lá jafnframt fyrir að bankinn yrði að styrkja möguleika sína til sjálfstæðra þjóðhagsáætlana, óháð örlögum Þjóðhagsstofnunar.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Birgir Ísleifur Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Finnur Ingólfsson,
bankastjóri.

Umsögn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.
(15. apríl 2002.)

Nauðsynlegt er að skipulag opinberrar þjónustustarfsemi sé stöðugt til endurskoðunar. Allar skipulagsbreytingar þurfa hins vegar að vera vel grundaðar og til þess fallnar að stuðla að betri og markvissari vinnubrögðum. Eflaust kunna að vera rök fyrir breyttri verkaskiptingu á milli opinberra aðila varðandi skráningu og úrvinnslu opinberra gagna en að okkar mati eru engin sjáanleg rök fyrir því að leggja niður Þjóðhagsstofnun. Hún gegnir mikilvægu upplýsingahlutverki og væri æskilegt að efla hana og styrkja sjálfstæði hennar til dæmis með því að færa hana undir Alþingi eins og lagt er til í þingmáli númer 614.

Fráleitt er að færa alla þá starfsemi sem nú er á vegum Þjóðhagsstofnunar undir fjármálaráðuneytið sem er í eins nánnum tengslum við pólitískt framkvæmdavald og hugsast getur. Þá er vandséð að Seðlabanki Íslands eða Hagstofan muni sinna því upplýsinga- og þjónustuhlutverki sem Þjóðhagsstofnun hefur sinnt.

BSRB vill taka fram að þegar leitað hefur verið til Þjóðhagsstofnunar af hálfu samtakanna hefur stofnunin brugðist vel við og jafnan af mikill fagmennsku. Þá vill BSRB lýsa furðu á því að leitað hafi verið eftir álit Alþýðusambands Íslands um frumvarpið en gengið fram hjá öllum öðrum samtökum launafólks. BSRB hefur tekið virkan þátt í umræðu um efnahagsmál á opinberum vettvangi og sent inn álitserðir sem snerta efnahags- og samfélagsmál til Alþingis, ráðuneyta og annarra aðila. Þessar álitserðir hafa verið unnar af skrifstofu samtakanna, þar á meðal hagfræðideild BSRB og í samráði við félagslega kjörna fulltrúa.

BSRB er reiðubúið til viðræðu um hvernig efla megi vandaða umræðu um efnahagsmál í landinu og munu samtökin eftir sem áður leggja sitt af mörkum til hennar. Við teljum það hins vegar afar misráðið að leggja Þjóðhagsstofnun niður og leggjum til að ríkisstjórn og Alþingi gefi sér betri tíma til þess að fjalla um framtíðarskipan þessara mála. BSRB leggst því alfarið gegn því að frumvarpið verði samþykkt en mælir með þingsályktunartillögu númer 614.

f.h. BSRB,

Svanhildur Halldórsdóttir.

Umsögn BHM.
(16. apríl 2002.)

Vísað er til mála nr. 709 og 614, frumvarps til laga um brottfall laga nr. 54/1974 um Þjóðhagsstofnun og tillögu um þingsályktun um endurskoðun á starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar. Eftirfarandi er umsögn f.h. Bandalags háskólamanna (BHM).

BHM telur alltaf koma til álita að hagræða í opinberum rekstri enda sé gætt jafnræðis og meðalhófs og undirbúningur fari fram í samráði við þá sem eiga hlut að máli. Hins vegar telur BHM að það verði að vera hafið yfir allan vafa að tilefni til slíkrar hagræðingar hjá þeim sem fara með frumkvæðisvald – og eftir atvikum til niðurlagningar eins og hér um ræðir – sé ekki annað og óskilyt.

BHM gagnrýnir hinn skamma tíma sem ætlaður er þingmeðferð máls nr. 709 svo og allan óformlegan aðdraganda málsins hvað varðar skort á samráði við aðila vinnumarkaðarins og hlutaðeigandi stéttarfélag. Ekki virðist hafa verið haft samráð nema við ein heildarsamtök á vinnumarkaði – ASÍ – þrátt fyrir að Þjóðhagsstofnun hafi það hlutverk samkvæmt gildandi lögum að veita aðilum vinnumarkaðarins upplýsingar um efnahagsmál og annast fyrir þá hagfræðilegar athuganir. BHM hefur m.a. óskað eftir slíku auk þess sem aðildarfélag BHM hafa nýtt sér þjóðhagsspá Þjóðhagsstofnunar í aðdraganda kjarasamninga. Hefur það skipt miklu máli að sú spá sé ekki unnin hjá stærsta viðsemjanda stéttarfélaganna, sem er fjármálaráðherra f.h. ríkisins, heldur frá aðila utan framkvæmdarvaldsins. Í ljósi framangreinds er það lágmarkskrafa að jafnræðis verði gætt milli heildarsamtaka eigi að bæta aðilum fjárhagslega skerta þjónustu miðað við gildandi lög. ASÍ getur ekki gætt hagsmuna alls launafólks í landinu.

Loks gagnrýnir BHM að ekki skuli hafa verið haft samráð við stéttarfélag sem starfsmenn eru í, einkum Samband íslenskra bankamanna (SÍB).

Í ljósi framangreindrar gagnrýni leggst BHM gegn því að frumvarp ríkisstjórnarinnar, sbr. þingmál nr. 709, verði að lögum og tekur um leið undir þingsályktunartillögu, sbr. þingmál 614, þess efnis að sett verði á fót stjórnskipuð nefnd til þess að endurskoða starfsemi og stöðu Þjóðhagsstofnunar – þó með þeirri breytingu að í nefndinni sitji fulltrúar allra heildarsamtaka launafólks og viðsemjenda þeirra. Í þeirri nefndarvinnu yrði metið hvort og þá hvernig megi hagræða í starfi sem lýtur að úrvinnslu opinberra gagna svo og vinnumarkaðs- og hagfræðirannsóknnum. Kæmi þá til álita hvort unnt væri að láta slíka stofnun heyra undir sameiginlega stjórn aðila vinnumarkaðarins.

Tekið skal undir efnisatriði í umsögn SÍB um mál nr. 709.

Virðingarfyllst,
f.h. BHM,

Björk Vilhelmsdóttir,
formaður BHM.

Gísli Tryggvason,
framkvæmdastjóri BHM.

Umsögn Samtaka banka og sparisjóða.
(16. apríl 2002.)

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja vilja vekja athygli á eftirfarandi atriðum varðandi ofangreint mál.

Starfsemi greiningardeilda fjármálfyrirtækja byggist fyrst og fremst á því að því að greina fyrirtæki landsins og starfsumhverfi þeirra, auk þess að leggja mat á skuldabréfamarkaðinn á hverjum tíma og þar með á stöðu og horfur í þjóðarbúskapnum til að geta metið væntanlega þróun vaxtastigs í landinu.

Grundvöllurinn að slíkri starfsemi er að eiga greiðan aðgang að nauðsynlegum grunnupplýsingum, þ.e. hagtölum og yfirliti yfir þróun þjóðarbúskaparins sem unnar eru á hlutlægan máta. Heiti þeirrar stofnunar eða aðila sem veitir slíkar upplýsingar skiptir ekki máli, heldur sú hlutlægni og traust sem borið er til hans og áreiðanleiki upplýsinganna sem veittar eru.

Í 2. gr. gildandi laga um Þjóðhagsstofnun eru talin upp í 6. liðum þau verkefni sem stofnuninni ber að sinna. Af þeim skipta þau verkefni sem talin eru upp í 1.-3. lið fjármálfyrirtækin máli, þ.e. færsla þjóðhagsreikninga, birting þjóðhagsáætlana og opinberra skýrslna um þróun og horfur í þjóðarbúskap. Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að flytja færslu þjóðhagsreikninga til Hagstofunnar og verður það að teljast samræmast hlutverki hennar vel. Hins vegar má velta fyrir sér hvort nægilegrar hlutlægni verði gætt með því að færa hina þættina yfir til efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis, eins og tillögur eru gerðar um.

Í greinargerð frumvarps er því teflt fram sem einu af rökum fyrir breyttu fyrirkomulagi að greiningardeildir fjármálfyrirtækja sinni sambærilegri starfsemi og gefi margar út mánaðarlegar skýrslur um efnahagsmál. Rétt er að ítreka að þær skýrslur hafa m.a. byggst á fyrirliggjandi úttektum Þjóðhagsstofnunar, en greiningardeildirnar bæði meta forsendur að baki þeim tölum og nýta þær síðan í að greina áhrif á hlutabréfa- og skuldabréfamarkað í landinu. Greiningardeildirnar hafa hins vegar ekki spáð fyrir um hlestu þjóðhagsstærðir á sama hátt og Þjóðhagsstofnun, enda hafa þær ekki byggt upp þjóðhagslíkön né hafa heimildir til að innkalla upplýsingar og gögn með sama hætti og Þjóðhagsstofnun.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri.

Umsögn Kennarasambands Íslands.
(16. apríl 2002.)

Kennarasamband Íslands telur eðlilegt að skipulag opinberrar þjónustu sé endurskoðað reglulega með það að markmiði að þjónustan sé í senn bæði markviss og hagkvæm. Mikilvægt er að þeir sem njóta þjónustunnar geti treyst því að fagmennska og hlutleysi séu aðalsmerki opinberrar þjónustu.

Þjóðhagsstofnun hefur, að mati Kennarasambandsins, gegnt hlutverki sínu með sóma, enda starfa þar margir af fremstu sérfræðingum þjóðarinnar á sviði efnahagsmála.

Eðli málsins samkvæmt eru fulltrúar stéttarféлага annars vegar og stjórnvöld hins vegar ekki alltaf sammála mati Þjóðhagsstofnunar á einstaka málum og við því er ekkert að segja. Það er í fyllsta máta óeðlilegt að leggja niður stofnun fyrir það eitt að starfa samkvæmt lögum og hafa sjálfstæða skoðun sem byggir á faglegu mati.

Kennarasamband Íslands telur að enginn rök hafi komið fram sem styðja það að Þjóðhagsstofnun verði lög niður í núverandi mynd og starfsemi hennar dreift til annarra stofnana.

Kennarasamband Íslands leggur áherslu á að allar hugmyndir um að Alþýðusamband Íslands taki að sér einhver af verkefnum stofnunarinnar eru í algjörrri andstöðu við forystu Kennarasambandsins. Alþýðusamband Íslands getur aldrei, miðað við núverandi skipulag, tekið að sér þjónustu við önnur samtök launafólks á Íslandi hvað varðar upplýsingagjöf eða annað er varðar efnahagsmál.

Virðingarfyllt,
f.h. Kennarasambands Íslands,

Eiríkur Jónsson,
formaður.

Umsögn Þjóðhagsstofnunar.
(13. apríl 2002.)

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis fór þess á leit við Þjóðhagsstofnun að hún gæfi umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga nr. 54/1974, um Þjóðhagsstofnun, 709 mál. Þjóðhagsstofnun tekur ekki afstöðu til frumvarpsins. Bréfi þessu fylgir minnisblað um þjónustu stofnunarinnar við ýmsa aðila ef það mætti auðvelda nefndinni umfjöllun um þetta mál.

Virðingarfyllst,

Sigurður Guðmundsson,
forstjóri.

Minnisblað um þjónustu Þjóðhagsstofnunar

Í þessu minnisblaði verður reynt að gera grein fyrir því hvernig Þjóðhagsstofnun veitir öðrum aðilum þjónustu. Reynt er að greina í hverju þessi þjónusta er fólgin og út frá því ætti að vera auðveldara að meta hvernig þessum verkefnum verður sinnt ef stofnunin verður lögð niður. Verkefni þau sem hér um ræðir má flokka í þrennt eftir eðli þeirra og verður fjallað um hvert fyrir sig hér á eftir:

- Skýrslugerð um liðna tíð og upplýsingamiðlun
- Mat á ástandi og horfum og önnur fagleg ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumótun.

1. Skýrslugerð um liðna tíð og upplýsingamiðlun

Þjóðhagsstofnun safnar margs konar gögnum og notar þau við gerð þjóðhagsreikninga, þjóðhagsspár og önnur kjarnaverkefni sín. Er það ekki að undra þar sem til umfjöllunar er öll efnahagsstarfsemi í landinu. Fyrir utan talnaefni um peningastærðir er einnig unnið með upplýsingar um fólkið í landinu og magntölur um ýmsa þætti efnahagslífsins. Þessar tölur fjalla í sumum tilvikum ekki einungis um Ísland heldur er einnig um að ræða samanburð við önnur lönd. Sumt af þessu efni vinnur stofnunin sjálf úr frumgögnum, s.s. ársreikningum fyrirtækja, skattframtölum einstaklinga og fyrirtækja og beinum fyrirspurnum. Aðrar upplýsingar eru fengnar frá öðrum aðilum sem safna frumupplýsingum, svo sem Hagstofu, Seðlabanka, Fiskistofu og fjölmörgum öðrum innlendum og erlendum aðilum. Umfang þessara gagna er mjög mikið eins og glögglega má sjá á vefsíðu stofnunarinnar www.ths.is.

Vegna þess hversu mikið magn fjölbreyttra upplýsinga er notað í starfi stofnunarinnar er mikið leitað til hennar eftir gögnum um hin ólíklegustu mál bæði reglubundið og af tilteknum tilefnum. Stofnunin hefur leitast við að leysa vanda þeirra sem til hennar leita, hvort sem þeir eru á höttunum eftir gögnum sem stofnunin sjálf hefur búið til eða þau eru frá öðrum komin. Hér fyrir neðan er að finna lista sem byggir á upplýsingum sem safnað hefur verið hjá starfsmönnum stofnunarinnar um það hvers konar aðilar það eru sem til stofnunarinnar leita. Það skal tekið fram að starfsmenn verða mjög lítið varir við þann mikla fjölda erinda sem leyst eru með heimsóknum á vefsíðu stofnunarinnar án nokkurra samskipta við starfsmenn. Þó eru allir sammála um að álag vegna slíkra beiðna hefur minnkað gríðarlega frá því áður en vefurinn kom til sögunnar.

Almenningur	Námsmenn	Blaðamenn	Seðlabanki
Viðskiptabankar	Hagsmunasamtök	Alþingismenn	Háskólar
Rannsóknastofnanir	Erlend sendiráð	Stjórnvöld	Sveitarfélög
Erlendir aðilar	Opinberar nefndir	Þingnefndir	Einkafyrirtæki
Eurostat	Alþjóða gjaldeyrissjóðurinn	Sameinuðu þjóðirnar	Lánshæfismatsfyrirtæki
OECD			

Eins og sjá má af listanum, sem ekki er raðað eftir neinni sérstakri röð, kennir hér margra grasa og sumir flokkarnir eru sjálfir margþættir, svo sem hagsmunasamtök og stjórnvöld til að taka tvö dæmi.

Enda þótt ekki séu til upplýsingar um hversu mikið umfang þessarar upplýsingamiðlunar er má vera ljóst að verði Þjóðhagsstofnun lögð niður getur skapast tómarúm varðandi beina miðlun upplýsinga nema vel verði fyrir því séð hjá þeim aðilum sem ætlunin er að við verkefnum hennar taki.

2. Mat á ástandi og horfum og önnur fagleg ráðgjöf

Annar flokkur verkefna sem Þjóðhagsstofnun innir af hendi fyrir aðila sem leita til hennar er mat á ástandi og horfum í efnahagsmálum og önnur fagleg ráðgjöf. Stofnunin birtir formlegt mat sitt í þessum efnum í tveimur yfirlitsskýrslum á ári, Þjóðarbúskapnum snemma á vorin og í þjóðhagsáætlun ríkisstjórnarinnar í þingbyrjun á haustin. Þær spár sem þarna eru settar fram eru endurskoðaðar í sumarbyrjun og undir lok ársins. Grunnur þessara spáa eru þjóðhagsreikningarnir og nálægðin við þá í sömu stofnun hefur reynst affarasæl. Í þessu mati byggir stofnunin einnig mjög á þjóðhagslíkani sem unnið hefur verið í samvinnu Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka og fjármálaráðuneytis. Margir aðilar leita til stofnunarinnar til að fá nánari skýringar á ýmsu sem þetta mat varðar, bæði forsendur og túlkun. Er þar um að ræða allt milli þess að greina nánar einstakar tölur til greinargerða um tiltekin málefni.

Stofnunin er mjög oft fengin til ráðuneytis í starfi opinberra nefnda. Oft er þar um að ræða gerð greinargerða um tiltekin efni, ýmiskonar útreikningar sem til dæmis byggja á líkönum sem stofnunin hefur búið til um skattakerfið og ætur almannatrygginga og aðrar millifærslur. Í sumum tilvikum hafa starfsmenn gegnt ritarahlutverki fyrir opinberar nefndir. Nefndir Alþingis leita umsagnar Þjóðhagsstofnunar um mikinn fjölda mála á hverju ári.

Þá hefur stofnunin yfir að ráða þekkingu til að meta áhrif nýrrar atvinnustarfsemi eða framkvæmda á þjóðarhag og þróun einstakra svæða og hefur m.a. annast mat á þjóðhagslegum áhrifum stóriðjuframkvæmda. Stofnunin getur gert mannfjöldaspár fyrir einstaka landshluta og er oft leitað til hennar eftir mati á íbúáþróun, væntanlegri aldursskiptingu, mannaflaþróun og svo framvegis. Starfsmenn stofnunarinnar eru oft fengnir til að halda erindi á ráðstefnum, bæði innan lands og utan þar sem þeir taka fyrir ýmsa þætti sem þeir hafa þekkingu á og greina þá nánar en dagleg verkefni þeirra gefa tilefni til.

Hér er einungis um að ræða takmarkaða upptalningu á þeim verkefnum Þjóðhagsstofnunar þar sem leitað er til starfsmanna hennar um faglega þekkingu. Við endurskipulagningu verkefna stofnunarinnar verður að gæta þess eftir því sem kostur er að hægt verði að sinna slíkum verkefnum áfram og fagleg sjónarmið verði áfram í fyrirrúmi.

3. Þátttaka í stefnumótun

Þátttaka Þjóðhagsstofnunar í stefnumótun á sviði efnahagsmála eða skyldra sviða er fyrirferðaminnst af þeim verkefnaflokkum sem hér eru til umfjöllunar, að minnsta kosti á síðustu árum. Hægt er að skipta aðkomu stofnunarinnar að opinberri stefnumótun í tvo flokka: annars vegar er formleg aðkoma í formi þátttöku starfsmanna stofnunarinnar í nefndum eða starfshópum sem hafa það verkefni að móta stefnu í tilteknum málaflokkum. Hins vegar er óformleg aðkoma að mótun efnahagsstefnunnar með tillögugerð og ráðgjöf.

Að því er fyrri flokkinn varðar hafa starfsmenn stofnunarinnar setið og sitja í nefndum sem hafa stefnumótandi hlutverk, t.d. við útfærslu á auðlindagjaldi í sjávarútvegi og mótun auðlindastefnu, í rammaáætlun um virkjanir, jafnrétti í opinberri stefnumótun, og hnattvæðingarnefnd en þessar nefndir eru hér einungis teknar sem dæmi. Hins vegar er ekki mikið um að starfsmenn sitji í nefndum á vegum stjórnvalda. Á árum áður var Þjóðhagsstofnun mjög virk í hinni óformlegu opinberu stefnumótun í efnahagsmálum, sem þá einkenndist meira af sérstökum efnahagsráðstöfunum til að leysa úr brýnum vanda en nú er. Hið sama gildir um aðkomu stofnunarinnar að deilum á vinnumarkaði. Í því tilviki er þó sú breyting á að áður fyrr voru aðilar vinnumarkaðarins vanbúnir til að annast þá útreikninga sem nauðsynlegir voru til að ná niðurstöðu.

Umsögn Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar.
(26. mars 2002.)

Fulltrúar Starfsmannafélags Þjóðhagsstofnunar eru algerlega mótfallnir þeim áformum er birtast í frumvarpinu og telja að þau muni ekki leiða til eflingar faglegrar umfjöllunar um íslenskan þjóðarbúskap né til hagræðingar í rannsóknum á efnahagsmálum. Í vinnu samstarfshópsins hefur í engu verið tekið tillit til sjónarmiða starfsfólks stofnunarinnar.

Þjóðhagsstofnun hefur mikla sérstöðu í efnahagssumhverfinu sem óháð sérfræðistofnun sem nýtur trausts og álits og er talin vinna faglega að þeim málum sem henni hafa verið falin. Þá nýtur stofnunin trúnaðar atvinnurekenda jafnt og verkalýðshreyfingar. Henni hafa verið falin ýmis verkefni af ráðuneytum og þingmönnum sem leitað hafa til sérfræðinga stofnunarinnar. Þjóðhagsstofnun tryggir því greiðan aðgang þingmanna allra flokka, aðila vinnumarkaðarins og alls almennings að áreiðanlegum upplýsingum um framgang efnahagsmála og er þessi starfsemi tryggð í lögum um stofnunina.

Samkvæmt frumvarpinu verður gerð efnahagsspáa og áætlana færð til fjármálaráðuneytis. Spágerðin yrði því undir pólitísku forræði og gæti því ekki talist óháð. Þessi breyting felur því í sér að stjórnvöld sjá ekki ástæðu til að reka pólitískt óháða efnahagsstofnun. Eðlilegra hefði verið að auka enn frekar sjálfstæði Þjóðhagsstofnunar.

Í frumvarpinu felst að færa eigi starfsemi Þjóðhagsstofnunar til annarra stofnana og ráðuneyta. Það sem sparast á fjárlagalið stofnunarinnar mun því koma fram sem kostnaðarauki hjá öðrum stofnunum og ráðuneytum. Rekstur stofnunarinnar hefur verið mjög hagkvæmur fram til þessa og því ljóst að truflun á þeirri starfsemi og flutningur verkefna hennar til annarra stofnana er dýrari en óbreytt starfsemi. Reyndar viðurkenndi ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis á fundi með starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar í apríl árið 2001 að ekki væri um að ræða sparnað með því að leggja niður Þjóðhagsstofnun, heldur myndu útgjöld vaxa í kjölfarið, a.m.k. fyrst um sinn.

Í frumvarpinu er ráðgert að aðgreina enn frekar en nú er söfnun og frumúrvinnslu gagna um efnahagsmál og greiningu gagnanna. Styrkur Þjóðhagsstofnunar felst í samþættingu þessara verkefna. Þetta hefur reynst hagkvæmt fyrir faglega vinnu innan stofnunarinnar og skapað möguleika á meiri fjölbreytni í störfum einstakra starfsmanna. Flestir starfsmenn stofnunarinnar koma að gerð þjóðhagsreikninga, greiningu og spágerð og því er ljóst að starfssvið starfsmanna stofnunarinnar mun breytast mikið ef þetta frumvarp nær fram að ganga.

Þá vill Starfsmannafélagið benda á þann aðdraganda sem málið hefur haft. Ár er liðið síðan forsætisráðherra nefndi í sjónvarpsviðtali að leggja ætti Þjóðhagsstofnun niður í sömu andrá og hann lýsti óánægju með spár stofnunarinnar. Í byrjun apríl 2001 boðaði ráðuneytisstjóri forsætisráðuneytis starfsmenn til fundar þar sem hann ræddi um að framkvæma ætti þær breytingar sem frumvarpið fjallar um. Taldi ráðuneytisstjórinn að hægt væri að framkvæma þessa endurskipulagningu án

lagabreytinga. Síðar var hætt við þessi áform og skipaður samstarfshópur í júní. Þessi hópur hittist nokkrum sinnum til málamyndar síðastliðið haust og stendur meirihluti hans að frumvarpinu. Tekið skal fram að í þeirri vinnu sem fram hefur farið hefur meirihluti samstarfshópsins aldrei ljáð máls á því að ræða aðra möguleika til endurskipulagningar en þann að leggja niður Þjóðhagsstofnun.

Að lokum vill Starfsmannafélagið benda á að það telur bráðabirgðaákvæði frumvarpsins ábótavant þar sem það tryggi ekki rétt starfsfólks, auk þess sem það er ekki í samræmi við umræður samstarfshópsins og skipunarbréf hans. Í skipunarbréfi segir: „...er samstarfshópnum ætlað að útfæra nánar hvernig starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar verði tryggð **sambærileg störf** hjá þeim stofnunum sem taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“ Í bráðabirgðaákvæði frumvarpsins stendur hins vegar: „Við gildistöku laga þessara skal starfsmönnum Þjóðhagsstofnunar boðið **annað starf** hjá þeim stofnunum, er taka við verkefnum Þjóðhagsstofnunar.“

Katrín Ólafsdóttir og Ásgeir Danielsson.